



*Guðbjörg Lilja Mariúsdóttir er fædd 19. febrúar 1929, dóttir Vigdísar Eyjólfsdóttur (bróðurdóttur Guðbjargar Þorleifsdóttur í Múlakoti) og Mariúsar Jóhannssonar frá Gerðakoti undir Eyjafjöllum. Vigdís, móðir hennar, var alin var upp hjá Þuríði Jónsdóttur ömmu sinni í Múlakoti.*

*Lilja lauk Kvennaskólaprófi með glæsibrag, vann á Hagstofu Íslands, var einn vetur á Sorø húsmæðraskóla og vann svo í „Belgisk Import Compani“ í Kaupmannahöfn. Hún giftist ung, Jóni I. Bjarnasyni, og flutti til Íslands. Eignaðist sex börn, varð ekkja rúmlega fimmtug, og vann utan heimilis í rúmlega 20 ár sem bókari og gjaldkeri hjá Vinnumálasambandi Samvinnufélaganna.*

## Minningar umvafðar gleði og skemmtun

Líf Guðbjargar **Lilju**, alltaf kölluð Lilja, hefur sannarlega verið tengt Múlakotsfólkinu alla tíð. „Langamma mín og langafi, Þuríður Jónsdóttir og Þorleifur Eyjólfsson, þjuggu í Múlakoti, og áttu tvö börn sem komust á legg, Guðbjörgu og Eyjólf. Eyjólfur, afi minn, eignaðist eina dóttur, Vigdís, með konu sinni Guðrúnu Einarsdóttur frá Keldum, sem lést stuttu seinna. Afi Eyjólfur flutti í Múlakot með hvítvoðunginn sem var svo alin upp af Þuríði ömmu sinni þar. Vigdís, móðir mín, giftist Maríusi Jóhannssyni, föður mínum, og fluttu þau til Reykjavíkur eftir að hafa búið í Vestmannaeyjum um tíma. Vigdís og Maríus eignuðust sjö börn, en misstu tvo drengi. Múlakotsfólkið var hluti af nánustu fjölskyldu mömmu og okkar allra. Það má segja að ræturnar væru þarna og það var ósköp eðlilegt,“ rifjar Lilja upp. „Ég heiti í höfuðið á Guðbjörgu í Múlakoti og Guðbjörgu **Lilju** Túbalsdóttur, dóttur þeirra,“ bætir hún við.

### Í sveit hjá Lilju og Jóni á Svanavatni

Þegar Lilja var sex ára, 1935, fékk hún að fara í sveit til Lilju Túbals frænku sinnar og nöfnu á Svanavatni í Landeyjum. Lilja og Jón höfðu hafið búskap á Efri-Vatnahjáleigu ári áður, og breytti Lilja nafni bæjarins í Svanavatn. Lilja var síðan hjá frænku sinni öll sumur til 15 ára aldurs. „Ég fór með rútu frá Reykjavík til Hvolsvallar en með mjólkurbílnum frá Hvolsvelli að Ossabæ, síðan kom Jón á Svanavatni og sótti mig á hestum,“ segir Lilja aðspurð um hvernig hún hafi komist þangað austur frá Reykjavík.

Lilja Túbals var lengi einhleyp. „Ásgrímur listmálari, sem dvaldi löngum í Múlakoti, var hrifinn af henni en hún hafnaði honum. Hún valdi sér síðan mann sem var tíu árum yngri, Jón Guðjónsson, það var ekkert minna sem dugði fyrir hana! Þá var hún orðin 38 ára gömul. Hún var einstaklega skemmtileg týpa, létt og kát í lund. Lilja og Jón voru barnlaus. Það kom til tals að þau fengju mig gefins, og var mér lofuð dúkka ef ég kallaði hana mömmu, en ég vildi ekki kalla hana mömmu og sagði sex ára gömul: „Þú ert ekki mamma mín“, rifjar Lilja upp. Seinna eignuðust Lilja og Jón fósturdóttur, Valgerði. Valgerður lést í bílslysi á þrítugsaldri, hún lét eftir sig unga dóttur, Halldóru Lilju, sem Lilja og Jón ólu upp.

Guðbjörg í Múlakoti kom stundum í heimsókn til dóttur sinnar á Svanavatn. „Lilja hafði verið að stoppa í sokka eða gera við eitthvað og það var þannig gert að það ætlaði að líða yfir Guðbjörgu! Lilja rimpaði bara götin saman. Þetta var mjög fyndið af því að mamma hennar var svo vandvirk. Hún var með afbrigðum flink í höndunum. Guðbjörg notaði síðan hluta heimsóknarinnar til dóttur sinnar í að laga þessar lélegu viðgerðir!“ segir Lilja og hlær.

Þegar Lilja Túbals fór ásamt heimilisfólkinu á Svanavatni að heimsækja foreldra sína fóru þau á hestum, það voru engir bílar til ráðstöfunar. „Við fórum stundum í heimsókn í Múlakot, fórum þá á hestum yfir árnar. Fyrst voru það Álarnir, árkvíslar

sem voru þarna í Landeyjunum, síðan Affall og loks Markarfljót og Þverá. Við fórum alltaf að minnsta kosti einu sinni á hverju sumri upp í Fljótshlíð, þetta var mjög skemmtileg en dálítið áhættusöm ferð, þótti mér sem krakka, það þurfti að velja vel hvar átti að fara yfir árnar, sums staðar var sandbleyta sem hestarnir sukku í og gátu fest sig svo að þeir þurftu að brjótast um til þess að losna,“ segir Lilja.

### **Mikið mannlíf, rómantískt og skemmtilegt**

Lilja á margar góðar minningar frá heimsóknum í Múlakot. „Það var ævintýrlegt að koma í Múlakot. Í ágúst, að áliðnum slætti, svo rómantískt og skemmtilegt. Það voru heilu rúturnar sem komu þarna og margir sem eiga skemmtilegar minningar þaðan. Síðan var það gistihúsið, þar gátu gestir keypt bæði kaffi og mat, en matinn þurfti að panta fyrir fram. Ólafur Túbals og kona hans Lára Eyjólfsdóttir tóku við rekstrinum 1936 og þetta varð vinsælt gistihús til margra ára.“

„Seinna var ég einu sinni að vori að vinna í skógræktinni, sem var í landi Austurbæjarins. Þá fékk ég að gista í Vesturbænum, fékk að búa þar hjá Láru og Ólafi. Ekki var mikill samgangur við Austurbæinn, en Árni Einarsson hóf þar mikla skógrækt. Á milli Vesturbæjar og Austurbæjar var pínulítið hús, þar bjó Fanney með manni sínum, fínleg og fríð kona, há og grönn, brúneygð. Hún var góð og vel gefin kona, og setti fallegan svip á staðinn.“

Það var sannarlega margt um manninn á staðnum. „Það var nóg af vinnufólki, alltaf vinnumenn. Síðan voru hinar og þessar stúlkur fengnar til að ganga um beina. Ella systir [Elín Maríusdóttir] var fengin í það einu sinni, svo og ýmsar aðrar stúlkur. Þær fengu herbergi út af fyrir sig og eitthvað kaup og upphald.“

Lilja man eftir sumum gestunum, t.d. Pétri Péturssyni þul sem var í heimsókn. „Múlakot var flottur staður með skemmtilegu mannlífi. Svo hafði trjágarðurinn aðdráttarafl. Ólafur var vinsæll listmálari, það voru málverk, flest eftir hann, upp um alla veggj í Múlakoti,“ rifjar hún upp.

Búskapurinn og húsdýrin voru líka eftirminnileg. „Það voru skemmtilegir hundar þarna og alltaf var verið með kýr og góða hesta. Kýrnar voru reknar upp hlíðina upp á fjall, þar var einhver staður fyrir ofan bæinn, alla vega þurfti að reka þær upp og niður, en þær voru oft reknar á harða spretti niður fjallið og mjólkinn spýttist í allar áttir! Ég man það svo vel hvernig mjólkinn sprautaðist um allt!“ segir hún og hlær.

### **Lára, eiginkona Ólafs og Nína sáu um eldamennsku og þvotta**

„Lára sá um að elda, en örugglega Guðbjörg áður en Lára kom. Lára naut stuðnings Guðbjargar tengdamóður sinnar á flestum sviðum, enda var Guðbjörg með afbrigðum myndarleg og útsjónarsöm húsmóðir.“

Nína, Jónína Böðvarsdóttir, er Lilju einnig minnisstæð. „Hún var hreint og beint þvottavélin í Múlakoti, sá um alla þvotta. Hugsaðu þér, þessi gamla kona, sá um alla þvotta fyrir gistiheimilið, með höndum sínum. Það var engin þvottavél, hún fór með þvottinn út í læk í hjólbörum til að skola hann. Snúrurnar voru fyrir aftan Múlakot, inni í hjalli sem var opinn að neðan, aðeins með þaki. Það var nauðsyn fyrir gistiheimilið að hafa þessa aðstöðu til að þurrka þvottinn.“

### **Hefði verið hægt að gera meira fyrir Fjólu**

Börnum Láru og Ólafs kynntist Lilja líka vel; Reyni, Lilju og Fjólu. „Lillý spilaði mikið á harmonikku. Hún afgreiddi líka í sjoppunni og Vigdís dóttir mín fékk að afgreiða með henni. Það var nú ekki mikið til en oft mikið að gera, þegar heilu rúturnar renndu í hlað.“

„Reynir var sérsinna og ekki allra og sá um búskapinn eftir að foreldrar hans féllu frá. Fjóla var skertari, en það hefði eflaust verið hægt að gera meira fyrir hana, hefði verið lögð rækt við það. Hún var bara mestan part geymd í rúminu á sínum tíma,“ segir Lilja. „Seinna, þegar hún var flutt til Reykjavíkur á sambýli, kom hún stundum í heimsókn til mín gangandi, ein og óstudd.“

### **Ævintýralegar rútuferðir**

„Það var alltaf rúta sem keyrði austur í Múlakot. Frændi minn sem var alltaf kallaður Valdi, Þorvaldur Markússon, ók henni. Allir báðu hann um greiða, „Heyrðu Valdi, viltu kaupa þetta eða hitt fyrir mig?“ Hann ansaði öllu játandi, skrifaði aldrei neitt niður og kom með allt sem hann var beðinn um að gera, alveg með límheila! Það var svolítið merkilegt, síðan gáfu menn honum nú stundum eitthvað í staðinn fyrir greiðann,“ lýsir Lilja.

Hún rifjar upp eftirminnilega rútuferð þegar hún fór í Ormskot að heimsækja Jósep föðurbróður sinn. „Þá var einhver karl að keyra, sem fékk alltaf brennivín í hvert skipti sem stoppað var og hann hafði verið að gera einhverjum greiða. Hann var orðinn svo mígandi fullur að hann söng hástöfum „Hærra minn guð til þíín!“ og loks enduðum við út í skurði!“ segir Lilja hlæjandi. „Ég sat við hliðina á virðulegri feitri gamalli konu, svo það væsti ekki um mig, ég lenti bara mjúklega á henni þegar við fórum út í skurðinn. Þarna var ég kannski svona 11–12 ára gömul, og ég var voða hrædd, en hann ók sem betur fór aðeins fetið. Okkur var bjargað úr þessum ógöngum af aðkomandi fólki á bíl.“

### **Listakonan Guðbjörg og garðurinn**

„Guðbjörg var alltaf til staðar. Hún var mjög skipulögð, það var allt í röð og reglu sem hún kom nálægt, mjög myndarleg kona. Hún var alveg með gullhendur, og það var reyndar afi minn Eyjólfur líka, hann var smiður af guðs náð, mjög flinkur. Þau systkinin voru einstaklega handlagin, hann var fenginn til að smíða og laga kirkjur og hvað sem var, t.d. húsgögn, hann var ótrúlega hagar í höndum. Þorleifur faðir þeirra

systkina var silfursmiður. Þuríður, móðir Eyjólfss og Guðbjargar, bjó í Múlakoti alla tíð, þannig að hún var stoð og stytta þar, bæði ól hún mömmu upp og aðstoðaði Guðbjörgu með hennar fjögur börn,” segir Lilja.

„Guðbjörg var aldrei orðljót eða fjasgjörn. Hún var frekar orðfá en einstaklega myndarleg. Það lék allt í höndunum á henni. Það var einmitt einu sinni þegar Ólafur sonur hennar var úti í Kaupmannahöfn, þá var hann í fötum sem mamma hans hafði gert. Hún hafði spunnið ullina, ofið efnið, sniðið og saumað karlmannsföt á son sinn. Hann var spurður út á götu hvar hann hefði fengið þessi fínu föt. Þau voru heimaunnin í Múlakoti af mömmu hans, sem ekkert hafði lært, og vöktu svona mikla athygli,” lýsir Lilja. „Hún var líka að sjóða niður allt mögulegt, kjöt jafnvel, og baka alls konar. Þetta var ekkert venjulegt, bara sveitakona á Íslandi, ekki hafði hún farið í neinn skóla til að læra þetta.“

Í elsta hluta bæjarins var baðstofa og innst í baðstofunni svaf Túbál Magnússon, maður Guðbjargar. „Hann var þar með sitt privat kames. Þar var hann alltaf, en hún svaf held ég ansi oft úti í garðhúsinu í trjagarðinum.“

Lilja þekkir vel til upphafs garðsins í Múlakoti. „Afi minn Eyjólfur náði í fyrstu trjáplönturnar fyrir systur sína, það voru fyrstu plönturnar sem hún fékk til að gróðursetja í garðinum. Þannig var byrjunin á garðinum, af því að í Nauthúsagili var eitthvað eftir af trjám sem höfðu fengið að vera í friði, annars hafði sauðfjárbreitin gjöreyðilagt allan trjágróður þarna.“

Elín, næstelsta systir Lilju, var fædd 1919 og gifti sig í garðinum á sumarsólstöðum 1946. „Maðurinn hennar, Ólafur Björn Guðmundsson, var lyfjafræðingur en hafði mikinn áhuga á grasfræði og var mikill ræktunarmaður. Hann var alltaf tilbúinn að hjálpa til í garðinum ef eftir því var leitað,” útskýrir Lilja. „Það var mikið öskufall í Heklugosinu 1947 og ég man eftir að hafa komið þarna þá. Það voru alveg ótrúlegir vikurskaflar þarna.“

### **Soffía frænka dó ekki ráðalaus**

Systurnar Lilja og Soffía Túbals voru ólíkir persónuleikar að sögn Lilju. „Þær voru mjög ólíkar systur. Soffía var útsjónarsöm manneskja, en Lilja var vinsæl, hláturmild og orðheppin,” útskýrir hún.

Soffía vildi hag garðsins í Múlakoti sem mestan. „Hún var dugleg að ná í Óla Björn til að aðstoða varðandi garðinn.“ Síðan átti Soffía pínulítinn skika í hlíðinni við Gluggafoss og byggði sér þar bústað. „Þar má nú sjá lítinn skógarlund. Þar kúrir pínulítill bústaður sem kannski er fallinn núna. Það var oft farið í heimsókn í Fíubústað,” rifjar Lilja upp.

Soffía fylgdi ferðamönnum inn í Þórsmörk, innlendum sem erlendum. „Ég fékk að fara í Þórsmörk 12 ára stelpa með Soffíu frænku minni, það var óskaplega eftirminnilegt, af því að Mörkin var svo ósnortin. Við fórum á hestum þangað inneftir. Á leiðinni heim datt skeifa undan einum hestinum, en Soffía dó ekki ráðalaus og setti hann í skó af sér, batt skóinn upp á hestinn af mikilli útsjónarsemi, þar sem hann var orðinn sárfættur á mölinni!“

„Allar minningar mínar um Múlakot eru umvafðar gleði og skemmtilegheitum. Það var sveipað ævintýraljóma að fara þangað. Þetta er einstaklega fallegur staður, mikil perla. Það er fallegt að koma akandi frá Reykjavík, yfir Merkjá og fram hjá Gluggafossi, og þá blasir Múlakot við, “ segir Lilja að lokum.